

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. júlí 1997

**um sameiginlega tækniforskrift um kröfur vegna talsímaþjónustu með
farstöðvum sem ætlaðar eru til notkunar með almennum
Evrópufarsímanetum, II. áfanga, og starfa á DCS 1800-sviðinu(*)**

(Texti sem varðar EES)

(97/529/EB)

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum lið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um gerðir endabúnaðar sem sameiginlega tækniforskrift þarf fyrir, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla eða þá hluta þeirra sem eru til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Endurskoða ber þessa ákvörðun til að tryggja samfellu milli mats tilkynntu aðilanna á samræmi við gildandi samhæfða staðla.

Sameiginlega tækniforskriftin sem kveðið er á um í þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað, einnig virka aukahluti sem breyta getu endabúnaðarins á einhvern þann hátt sem hefur áhrif á samræmi við grunnkröfunar, sem notar DCS 1800-bandið og fellur undir samhæfða staðalinn sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. Ákvörðunin gildir einnig um endabúnað sem getur bæði notað GSM-bandið og DCS 1800-bandið.

2. Í þessari ákvörðun er kveðið á um sameiginlega tækniforskrift sem gildir um kröfur um símaþjónustu vegna endabúnaðar af þeirri gerð sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin skal fjalla um viðeigandi hluta samhæfða staðalsins sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í g-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í staðalinn og viðeigandi hluta hans er að finna í viðaukunum.

2. Endabúnaður innan gildissviðs þessarar ákvörðunar skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfunar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE og uppfylla kröfur annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽³⁾ og 89/336/EBE ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 65, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(³) Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(⁴) Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem tilnefndir eru til að koma í framkvæmd málsmeðferðunum sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu, að því er varðar endabúnað, sem 1. mgr 1. gr. þessarar tilskipunar gildir um, beita samhæfða staðlinum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. innan sex mánaða frá því að þessi ákvörðun er samþykkt.

4. gr.

Endurskoða skal þessa ákvörðun eigi síðar en sex mánuðum eftir að hún er samþykkt.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Samhæfði staðallinn sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

Stafrænt hólfskipt fjarskiptakerfi (2. áfangi); Símaþjónustukröfur

Tengikröfur vegna farsíma á DCS 1800-bandinu og aukalega GSM 900-bandinu

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa

TBR 32 - Janúar 1997

(að undanskildum formála og öllum kröfum nema þeim sem vísað er til í II. viðauka)

Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE ⁽¹⁾.

Samhæfði staðallinn sem vísað er til hér að framan er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar
650, route des Lucioles
F-06921 Sophia Antipolis Cedex

Evrópu Framkvæmdastjórnar
Evrópubandalaganna
DG XIII/A/2 — (BU 31 1/7)
Rue de la Loi 200/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

II. VIÐAUKI

Viðeigandi hlutar TBR 32

TBR-tilvísun

TBR 32-14.4.3	TBR 32-30.5.1	TBR 32-32.3
TBR 32-30.1	TBR 32-30.6.1	TBR 32-32.4
TBR 32-30.2	TBR 32-30.6.2	TBR 32-32.7
TBR 32-30.3	TBR 32-30.7.1	TBR 32-32.8
TBR 32-30.4	TBR 32-32.2	TBR 32-32.9

Ef prófunardæmin hafa enn ekki hlotið fullgildingu skulu framleiðendur eða viðurkenndir fulltrúar þeirra í aðildarríkjunum senda tilkynnta aðilanum, sem valinn hefur verið, yfirlýsingu um samræmi við grunnkröfurnar sem prófanirnar samsvara og um þær ráðstafanir sem gerðar eru til að fara að samsvarandi grunnkröfum.

(¹) Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.